

Nr. 060 / 13 Arnar í Hákotu KÓ 37**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6214
Smíðaður: Englandi 1979, plast
Stærð: 5,26 brl. 5,22 bt.
Mesta lengd: 8,66 m Skráð lengd: 8,34 m
Breidd: 2,42 m Dýpt: 1,05 m
Vél: Cummins 168 kW 1999
Fjöldi skipverja: 2



Arnar í Hákotu ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. maí 2013 var Arnar í Hákotu KÓ 37 á grásleppuveiðum í Fljótagrunni. Veður: Logn.

Á veiðunum var báturinn vélarvana og kallaði á strandstöð og óskaði eftir aðstoð til hafnar. Konni EA 21 kom og dró bátinn til Siglufjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að drifið bilaði því stýrisarmur í því brotnaði. Drifið var af gerðinni Bravó 2;
- að það var í raun efnið í drifhúsinu sem gaf sig þar sem annar boltinn sem festir tjakinn í það hafði losnað öðru megin þannig að þvingun kom á eyrað á húsinu og það brotnaði. Boltinn var skrúfaður beint í eyrað en ofan á því er einskonar „hjálmur“ sem snittað var inn í. Boltinn skrúfaðist laus vegna titrings og datt úr en þá skekkist drifið svo þvingun kom á eyrað;
- að við viðgerðina voru boltarnir límdir með gengjulími í herslunni;
- að legufæri voru tiltæk um borð ef á þurfti að halda.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.